

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Íslensku- og menningardeild

Tíðarhorf í íslenska táknmálinu

*Að gera eitthvað oft eða sjaldan,
stöðugt eða reglulega.*

**Lokaritgerð til BA-prófs
í táknmálsfræði**

**Hólmfríður Þóroddsdóttir
Kt.: 071166-4309**

**Leiðbeinandi: Rannveig Sverrisdóttir
Maí 2009**

Stutt ágríp

Í þessari ritgerð er byrjað á því að fjalla um hvernig tungumál geta staðsett frásagnir sínar í tíma með því að nota *tíðir*, og þá fylgir umfjöllun um innri tíma frásagna, svokallað *tíðarhorf*, og það skoðað bæði í raddmálum og táknmálum. Fram kemur að raddmál nota mismunandi aðferðir til að sýna tíðarhorf, að íslenskan notar t.d. tíðaratviksorð á meðan önnur raddmál nota m.a. viðskeyti, og að þetta er einnig mismunandi meðal táknmála. Rannsóknir á breska, bandaríska og sænska táknmálinu eru skoðaðar og þar kemur fram að breyting á hreyfingu grunnforms tákna og endurtekningar á því eru meðal þeirra atriða sem notuð eru til að sýna tíðarhorf og að einnig eru notuð stök tákni fyrir tíðaratviksorðin, sem þykja vera áhrif úr raddmálum. Ekki hefur verið rannsakað hvernig þessu er farið í íslenska táknmálinu.

Þá er lýst rannsókn sem gerð var með aðstoð nokkurra málhafa á íslenska táknmálinu, þar sem tíðarhorf var aðalrannsóknarefnið. Rætt er um val á táknum, og þeim sögnum og íslensku tíðaratviksorðum sem rannsökuð voru. Þá er fjallað um framkvæmd rannsóknarinnar og ýmsa galla hennar, þar á meðal áhrif íslenskunnar á rannsóknina, þar sem notaðar voru íslenskar setningar.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru síðan teknar fyrir og þær athugaðar á mismunandi hátt. Skoðuð er hverj sögn fyrir sig, hvert tíðarhorf fyrir sig og að lokum eru táknaarnir bornir saman. Í ljós kemur, þegar allir þessir mismunandi fletir eru athugaðir, að íslenska táknmálið notar mismunandi hraða og stærð endurtekinnar hreyfinga til að sýna hin ýmsu tíðarhorf. Hægari og stærri hreyfingar benda til tíðarhorfsins lengi, á meðan hraðari og minni hreyfingar eru notaðar til að sýna tíðarhorfin oft og stöðugt. Íslenska táknmálið virðist líkjast einna mest breska táknmálinu hvað varðar tíðarhorf, af þeim táknmálum sem skoðuð voru.

Að lokum er nokkrar vangaveltur um hvernig best væri að halda áfram rannsóknum á tíðarhorfi í íslenska táknmálinu.

Efnisyfirlit

Bls.	2	Stutt ágríp
	3	Efnisyfirlit
	4	Inngangur
	5	Tími í tungumálum
	5	Tíð og horf
	6	Tíðarhorf
	7	Tíðarhorf í mismunandi raddmálum
	8	Tíðarhorf í táknmálum
	12	Framkvæmd rannsóknarinnar
	13	Val á þátttakendum
	14	Val á sögnum og tíðarhorfum
	16	Ýmsir gallar á rannsókninni
	18	Niðurstöður
	20	Greining út frá sögnum
	24	Greining út frá tíðarhorfum
	26	Samanburður á táknum
	28	Samantekt á niðurstöðum og umræður
	32	Lokaorð
	34	Heimildaskrá
	36	Viðauki 1
	39	Viðauki 2
	44	Viðauki 3

Inngangur

Eitt af því sem getur gert líf þeirra sem læra íslenska táknmálið erfitt, er hversu lítið málfræði þess hefur verið rannsökuð hingað til. Það gerist ótrúlega oft að nemandinn getur lesið í bókum hvernig eitthvert sérstakt málfræðilegt atriði er gert í bandaríska táknmálinu, en þegar kemur að því að ræða um það í íslenska táknmálinu verður fátt um svör. Þetta gerir lærdóminn erfiðari, um það verður ekki deilt, en hins vegar málfræðina skemmtilegri og meira spennandi. Um íslenska málfræði hafa verið skrifaðar miklar og merkar bækur og er þar svör við flestu að finna, en málfræði íslenska táknmálsins er hins vegar óplægður akur.

Sem dæmi um málfræðiatriði sem við táknmálsfræðinemar getum lesið um hvernig gert er í bandaríska táknmálinu en ekki í því íslenska, er hið svokallaða *tíðarhorf*. Hvernig segir maður t.d. annars vegar *að lesa oft* og hins vegar *að lesa sjaldan* á íslenska táknmálinu? Eða *að lesa reglulega*? Er það sýnt með mismunandi hreyfingum í sögninni eins og í bandaríska táknmálinu, eða einhverri allt annarri aðferð? Til að reyna að fá svör við þessum spurningum, ákvað ég að gera litla rannsókn á íslenska táknmálinu, þar sem tíðarhorf var sérstaklega tekið fyrir. Í þessari ritgerð verða þeirri rannsókn gerð skil og niðurstöður hennar birtar.

Tími í tungumálum

Tíð og horf

Tungumál hafa þann eiginleika að geta staðsett frásagnir sínar í tíma. Til þess eru notaðar *tíðir* (e. tense) sem tímasetja frásagnir (oftast) út frá þeim tíma þegar setningin er sögð (Comrie 1976:2). Eftirfarandi skilgreiningu á *tíð* má finna í *Handbók um málfræði*:

Helsta sérkenni *sagnorða* er að þau beygjast í TÍÐUM. Með því er átt við að sagnorðin hafa ólík form eftir því hvort þau vísa til liðins tíma (*þátíð*) eða ekki (*nú tíð*) (Höskuldur Þráinsson 2006:157).

Höskuldur tekur einnig fram, að hægt er að vísa til framtíðar með samsettri beygingu, með hjálparsögninni *munu* (sama:54). Þegar talað er í þátíð er sagt frá atburði sem *gerðist* í gær, í nútíð frá atburði sem *gerist* núna, en í framtíð þegar sagt er frá atburði sem *mun gerast* á morgun. Í setningunni sem hér fór á undan var sögnin *að gerast* sögð á þrjá mismunandi vegu, í þremur tíðum og á þennan hátt notar íslenskan mismunandi beygingarform sagnorða, auk hjálparsagna, til að staðsetja frásagnir í tíma.

Einnig er hægt að tala um innri tíma atburða, þ.e. gerðist atburðurinn oft eða sjaldan, mun hann gerast reglulega eða stundum, stendur hann yfir eða er honum lokið. Til þess að sýna þennan innri tíma nota tungumál það sem kallað er á íslensku *horf* (e. aspect). Comrie (1976) skilgreinir horf sem mismunandi leiðir til að sýna innri tíma atburða eða aðstæðna (1976:3), en í *Ensk-íslenskri orðabók* má sjá eftirfarandi skilgreiningu:

aspect, *horf*, **a.** merkingarþáttur sagnmynda er varðar verknaðarmáta (án tillits til verknaðartíma), til dæmis hvort verknaði er lokið eða ólokið, hvort hann er einstakur eða endurtekinn; **b.** sagnbeyging er tjáir tiltekið horf (Sören Sörenson 1984:55).

Eftirfarandi skilgreiningu má finna í *Handbók um málfræði*:

Með HORFI er átt við það þegar það er táknað samkvæmt föstum reglum í *samsettri beygingu* hvort tilteknum verknaði er *lokið*, hvort hann *stendur yfir* (er *ólokið*) o.s.frv. (Höskuldur Þráinsson 2006:73).

Þar er einnig tekið fram að það sem nefnt er lokið horf er stundum kallað núliðin eða þáliðin tíð, sem er mynduð með hjálparsögninni *að hafa*.

Umræða íslenskra málvísindamanna um horf virðist snúast að langmestu leyti um svokallað *lokið* eða *ólokið horf* eins og sjá má á skilgreiningu Höskuldar, en með tilbrigðum þó. Til dæmis má nefna að Jón Gunnarsson, sem er álitinn vera fyrstur manna til að nota hugtakið *horf* í íslenskri málfræðikennslubók (Ingibjörg B. Frímansdóttir 2005:30), segir að sögn geti staðið í a.m.k. þrenns konar horfi, sem miðast við tíð setningarinnar en ekki tíð frásagnarinnar: *loknu horfi*, sem leggur áherslu á að athöfn sé lokið, *sífelldu horfi*, sem merkir það sem er eða var að gerast, og *óorðnu horfi*, sem merkir að athöfn sé óorðin, eða óviss að mati þess sem talar (Jón Gunnarsson 1973:51). Undir þessa skilgreiningu tekur Kristján Árnason, sem einnig talar um *lokið*, *ólokið* og *sífelldu horf* (Kristján Árnason 1980:46).

Tíðarhorf

Jón Friðjónsson ræðir um horf í bók sinni *Samsettar myndir sagna* og setur þar fram eftirfarandi skilgreiningu:

Horf sagna (verknaðarháttur) er notað til að tákna **hvernig** (ekki **hvenær**) verknaður sá sem í aðalsögn felst fer fram miðað við tíma setningarinnar, ekki miðað við tíma tjáningarinnar, þ.e. ekki miðað við hvenær e-ð er sagt heldur þær tímatáknarnir sem í setningunni felast (Jón Friðjónsson 1989:97).

Hann greinir horf annars vegar í *orðfræðilegt horf* (e. lexical aspect) sem er innbyggt í merkingu sagnarinnar, oft með viðskeytum, sem hann segir ekki valfrjálst (dæmi: blotna, blána), og hins vegar *setningafræðilegt horf* (e. syntactic aspect) sem hann segir að sé táknað með sérstökum orðasamböndum á kerfisbundinn hátt (Jón Friðjónsson 1989:97-98):

Það er notað til að láta í ljós persónulega afstöðu talanda til þess hvernig verknaður sá sem í aðalsögn felst fer fram miðað við tíma setningarinnar. Setningafræðilegt horf er því valfrjálst, málnotandi velur

það setningafræðilega horf sem honum hentar til að tjá afstöðu sína (sama:98).

Jón skiptir síðan setningafræðilegu horfi í nokkra undirflokka og einn þeirra (lokið horf I) segir hann innihalda tímatáknannir sem sýna hversu lengi og hve oft atburður á sér stað. Sem dæmi um tímatáknannir sem notaðar eru nefnir hann meðal annars *lengi*, *oft*, *stundum* og *sjaldan*, sem notaðar eru t.d. í setningum á borð við *hún hefur sjaldan tekið sér frí* (sama:101). Þessar tímatáknannir eru það sem kallað er *tíðaratviksorð* sem „vísa til tíma, segja **hvenær** eða **hve oft** eitthvað á sér stað“ (Höskuldur Þráinsson 2006:246).

Í málvísindum er þetta sérstaka horf kallað *tíðarhorf* (e. temporal aspect) (Valli o.fl. 2005:105). Talandi notar tíðarhorf til að lýsa afstöðu sinni til þess atburðar sem hann er að segja frá og á íslensku er það sem sagt gert með því að velja viðeigandi tíðaratviksorð. Orðavalið er persónubundið og vel er hægt að ímynda sér tvo aðila segja frá sama atburðinum notandi mismunandi tíðarhorf. Móðir gæti til dæmis sagt að dóttir sín gangi *sjaldan* frá í herberginu sínu, á meðan dóttirin segist gera það *oft*. Báðar eru þær að segja frá því sama, en mat þeirra á dugnaði dótturinnar í tiltektinni er hins vegar misjafnt.

Tíðarhorf í mismunandi raddmálum¹

Fleiri raddmál en íslenskan nota tíðaratviksorð til að sýna tíðarhorf og er til dæmis hægt að nefna ensku í því sambandi, sem notar orð eins og *often* og *sometimes*. Þó eru til raddmál sem fara öðruvísi að. Rússneska er eitt þeirra slavnesku mála sem notar viðskeyti til að sýna tíðarhorf, eins og t.d. með forskeytinu *pere-*. Þegar það forskeyti er notað með sögninni að mála (*krasit*), getur *perekrasit* þýtt að mála aftur, eða að mála allt (Bergman og Dahl 1994:409). Með öðrum viðskeytum má t.d. breyta sögninni *stučat* (að banka) í *stuknut* sem þýðir að banka einu sinni, eða *postukivat*, sem þýðir að banka oft (sama).

Önnur raddmál nota enn aðrar aðferðir til að sýna tíðarhorf og þar á meðal er tungmálið kammu, sem talað er í Suðaustur-Asíu (sama:410). Þar eru ekki bara notuð

¹ Hér er orðið *raddmál* notað yfir þau tungumál sem töluð eru með röddinni, því *tungumál* eru öll mál sem töluð eru, hvort sem er með rödd eða höndum.

viðskeyti, heldur er rót sagnarinnar einnig stundum endurtekin. Sem dæmi nefna Bergman og Dahl sögnina að kinka, *ὴɪk*. Þannig þýðir *ὴɪk kὴὴɪk* að ein persóna kinkar stöðugt, en *ὴɪk rὴὴɪk* að margar persónur kinka stöðugt, á meðan *cὴɪk* þýðir að kinka einu sinni og *cὴɪk cὴɪk* þýðir að kinka nokkrum sinnum, með hléum á milli (sama:411-412). Raddmál hafa því mismunandi aðferðir til að sýna tíðarhorf.

Tíðarhorf í táknmálum

Grunnform tákna eru byggð upp á fimm einingum: handformi, hreyfingu, myndunarstað, afstöðu og munnhreyfingu (Rannveig Sverrisdóttir 2005:15). Þar sem allar þessar einingar eru notaðar á sama tíma og breyting á einni einingu getur breytt merkingu táknsins, getur táknmálið sýnt margt á sama tíma. Sem einfalt dæmi má nefna þegar sýnt er þegar bók er lögð á borð: Allar einingar grunnformsins halda sér, fyrir utan að handformið sem sýnir að haldið er á bókinni er mismunandi, þ.e. misopið eftir því hversu þykk bókin er. Þannig getur táknmálið sýnt hversu þykk bókin er, um leið og sýnt er hvað er gert við bókina.

Á svipaðan hátt er tíðarhorf sýnt í flestum táknmálum með vissum breytingum á grunnformi sagnanna (Kyle og Woll 1985:145), og samkvæmt Liddell (2003) þá er því þannig farið í ameríska táknmálinu (ASL) (2003:37). Þessar breytingar segir hann að geti verið endurtekningar á hreyfingu táknsins, breyting á hreyfingunni, eða blanda af þessu tvennu. Endurtekin hreyfing getur því verið öðruvísi en grunnhreyfingin, þannig að sem dæmi getur bein hreyfing grunnforms orðið sporöskjulaga í endurtekningunni, sem bendir til viss tíðarhorfs (sama:45). Klima og Bellugi (1980) taka fram að mörg tákna ASL sé hægt að beygja málfræðilega, þar á meðal til að sýna tíðarhorf, en að málfræðihugtakið *beyging* sé ekki notað á sama hátt og í raddmálum, því í táknmálum er það rýmið sem er notað til að sýna beygingarnar (1980:273-4).

Bæði Valli, Lucas og Mulrooney (2005:105-7) og Baker-Shenk og Cokely (1980:404-8) lýsa fjórum mögulegum hreyfingum til að sýna mismunandi tíðarhorf í ASL:

- Endurtekin lítil bein hreyfing.



Teikning 1 (Valli o.fl. 2005:107).

Þessi hreyfing stendur fyrir að gera eitthvað *reglulega* og höfðar til tíðni frekar en tímalengdar.

- Endurtekin hringhreyfing.



Teikning 2 (sama:105).

Þessi hreyfing stendur fyrir að gera eitthvað *stöðugt*, í *einvern tíma*, og höfðar til tímalengdar verknaðarins.


- Endurtekin hæg sporöskjulaga hreyfing.



Teikning 3 (Valli o.fl. 2005:107).

Þegar sýna þarf að verknaður taki óvenjulega langan tíma, eitthvað sé gert *lengi*, er þessi hreyfing notuð.

- Bein hreyfing, sem stoppar örstutt og sveigist til baka í upphafsstöðu.



Teikning 4 (sama).

Þessi hreyfing þýðir að gera eitthvað *aftur og aftur* og höfðar til óeðlilega mikils fjölda.

Breska táknmálið (BSL) sýnir horf meðal annars með því að breyta sögnum sínum með endurtekningu, með því að breyta beinni hreyfingu í sveigða, eða með því að breyta hraða hreyfingar frá grunnformi táknsins (Sutton-Spence og Woll 2006:118). Ef hreyfing táknsins BÍÐA² er endurtekin snöggt er verið að sýna að beðið er *lengi*, en hægari endurtekning sýnir að beðið er *mjög lengi* (sama:119). Hins vegar ef táknið BANKA er endurtekið snöggt þýðir það að banka *oft*, á meðan hægari endurtekning þýðir að banka *aftur og aftur*. Það er því greinilegt, að a.m.k. í BSL getur sama tegund hreyfingar sýnt mismunandi tíðarhorf, eftir því hvaða sögn á í hlut. Í BSL er einnig hægt að halda táknu á hreyfingar, sem þýðir að atburðurinn stendur *lengi* yfir (sama:120).

Bergman og Dahl (1994) skoðuðu tíðarhorf í sænska táknmálinu (SSL), og þá sérstaklega hvað varðar endurtekningu hreyfinga. Þau rannsökuðu meðal annars sagnirnar BÍÐA og SKRIFA, sem báðar innihalda tvítækna stutta hreyfingu í grunnformi sínu. Þau greina tvær mismunandi breytingar á hreyfingunni í sögnunum sem sýna mismunandi tíðarhorf (1994: 402-5). Annars vegar er um að ræða hæga endurtekningu, með stórum, því sem næst hringlaga hreyfingum sem sýnir að athöfnin stendur *lengi* yfir. Þetta samsvarar svipaðri (sporöskjulaga) hreyfingu og merkingu og áður var lýst í ASL (teikning 3, bls. 9). Hins vegar greina þau hraða endurtekningu með stuttum og mjúkum hreyfingum, sem sýnir að athöfnin stendur yfir í *dálúttinn tíma*, sem einnig samsvarar því sem áður var sagt um ASL (teikning 2, bls. 9). Í þessum tveimur tíðarhorfum sagnanna var fjöldi hreyfinganna ekki alltaf sá sami. Í grunnforminu voru hreyfingarnar alltaf tvær, en í breyttu formunum allt frá tveimur og upp í sex og skipti fjöldinn ekki máli hvað varðar tíðarhorfið (sama:405). Fjöldi hreyfinganna gat verið sá sami í báðum tíðarhorfum, en hreyfingin sjálf, þ.e. ferill hennar hafði áhrif á hvort tíðarhorfið var meint.

Af þessari stuttu samantekt úr þremur táknmálum má sjá að algengt er að táknmál breyti sögnum sínum til að sýna tíðarhorf, en þó er mismunandi eftir táknmálum hverjar breytingarnar eru. Einnig eru stundum notuð sérstök tákn til að sýna tíðaratviksorð, en þau tákn eru þá orðin hluti af orðasafni táknmálanna. Þetta á t.d. við í sænska og breska táknmálinu (Bergman og Dahl 1994:399-402 og Sutton-Spence og Woll 2006:121), en Sutton-Spence og Woll, sem taka t.d. táknið OFTEN og FREQUENTLY sem dæmi, taka fram að þetta séu sennilega áhrif úr raddmálinu, enda

² Hér er fylgt þeirri hefð fræðimanna, að glósa tákn með stórum stöfum.

er það einn af eiginleikum táknmála að breyta frekar grunnformi táknanna til að sýna margt á sama tíma. Í sumum tilfellum eru jafnvel bæði tákn og beyging á sögninni notuð til að sýna tíðarhorfið.

Hvernig þessu er farið í íslenska táknmálinu (ÍTM) hefur lítið verið rannsakað hingað til. Ég ákvað því að gera litla rannsókn á tíðarhorfi í ÍTM og verður gerð grein fyrir rannsókninni og framkvæmd hennar í næsta kafla og þar á eftir rætt hvað rannsóknin leiddi í ljós.

Framkvæmd rannsóknarinnar

Í stað þess að leita að tíðarhorfi í því myndefni sem til var fyrir á íslenska táknmálinu, ákvað ég í samráði við leiðbeinanda minn að setja á blað setningar³ og fá svo nokkra táknmálstalandi einstaklinga til að tákna þær fyrir mig og taka þá upp á myndband. Það hefði tekið mikinn tíma að horfa á eldra efni í leit að tíðarhorfum og hefði getað reynst mér erfitt að finna sömu sagnir með sömu tíðarhorfum, táknaðar af mismunandi táknurum til samanburðar. Ég vildi einnig vita með vissu hvaða tíðarhorf væri verið að sýna, en ef ég hefði valið að horfa á eldri upptökur á táknmáli hefði það kannski orðið matsatriði mitt, eða annarra, hvaða horf væri verið að sýna í hvert sinn. Með þessu móti áleit ég að rannsóknin yrði markvissari.

Best hefði verið að hafa setningarnar á t.d. teiknimyndaformi, en því miður varð ég að notast við setningar á íslensku og þar með íslensk tíðaratviksorð. Þetta hafði í för með sér að krafist var góðrar íslenskukunnáttu af þeim sem ég hugðist biðja að tákna setningarnar, auk þess sem þetta gat ýtt undir áhrif íslenskunnar á táknmálið. Uppbygging þessara tveggja tungumála er mjög ólík, t.d. hvað varðar orðaröð og málfræði, en á mörkum þessara mála er til millimál, sem er einhvers konar blanda af þeim báðum (Rannveig Sverrisdóttir 2005:17-18). Það verður til vegna áhrifa íslenskunnar á táknmálið og er hættan sú að kynt sé undir notkun þess í rannsókn sem þessari, með því að nota íslenskar setningar.

Vitað er að heyrnarlausir nota þetta millimál þegar þeir tala við heyrandi (sama). Þó svo að þátttakendurnir hafi ekki verið að tala beint við mig í upptökunum, þá var ég á bak við myndavélina og þeir vissu að það var ég sem ætlaði að skoða og nota upptökurnar og það atriði virðist vera nóg til að táknmálshafar fara að nota þetta millimál (Gerður Sjöfn Ólafsdóttir, munnleg heimild). Það væri fróðlegt að reyna að gera svipaða rannsókn þar sem annað hvort væri notað eðlilegt samtal tveggja tákna, eða þá að tákna væru beðnir um að tákna teiknimyndasögur þar sem þessi tíðarhorf koma fyrir, svo ekki þurfi að koma til þessi áhrif íslenskunnar.

³ Setningarnar má sjá í heild sinni í Viðauka 1.

Val á þátttakendum

Ég fékk til liðs við mig alls sex táknmálstalandi einstaklinga, sem skiptast eftir kyni, aldri, heyrnarskerðingu og því hvort fleiri heyrnarlausir/skertir eru í fjölskyldunni á eftirfarandi hátt, en allir þessir félagslegu þættir geta mögulega haft áhrif á táknmál viðkomandi:

Tafla 1 Upplýsingar um þátttakendur.

	Fæðingarár	Heyrnarleysi í nánustu fjölskyldu	Heyrnarlaus eða heyrnarskert(ur)	Kyn
Táknari 1	1956	Heyrnarlaust systkini	Heyrnarlaus	kk
Táknari 2	1964	Heyrnarlaust systkini	Heyrnarlaus	kvk
Táknari 3	1964	Enginn	Heyrnarskertur	kk
Táknari 4	1974	Enginn	Heyrnarskert	kvk
Táknari 5	1981	Enginn	Heyrnarlaus	kvk
Táknari 6	1981	Enginn	Heyrnarlaus	kk

Kennsluáðferðir Heyrnleysingjaskólans breyttust mikið á þeim tíma sem grunnskólaganga þátttakendanna nær yfir, en eins og sjá má eru 25 ár á milli yngsta og elsta þátttakandans. Allt til 1980 var í Heyrnleysingjaskólanum lögð höfuðáhersla á að kenna nemendum að tala og skilja íslensku (Arnþrúður Jónsdóttir 1997:18), en frá þeim tíma var farið að fylgja hugmyndafræði sem kölluð hefur verið alhliða tjáskipti (e. total communication), en þá notuðu kennarar öll möguleg ráð til að hafa samskipti við nemendurnar (sama:21-22). Táknmálið var þar notað auk margra annarra tjáskiptatækja, en ekki var litið á það sem aðal tungumál nemendanna. Eftir þetta var síðan farið að vinna markvisst að því að gera skólann tvítýngdan á táknmál og íslensku og sem dæmi má nefna að í kynningarriti Vesturhlíðarskólans frá árinu 1995-96 (eins og Heyrnleysingja-skólinn hét þá) kemur fram, að stefnt sé að því að skólinn sé tvítýngdur (sama:25-26). Það er því mismunandi málumhverfi sem þátttakendur rannsóknarinnar ólust upp í.

Við val á táknurum var þess vegna reynt að hafa mismunandi aldur í huga og einnig mismunandi kyn, ef annaðhvort þessara atriða gæti haft áhrif á niðurstöður rannsóknarinnar. Ég valdi ekki meðvitað þátttakendur eftir því hvort viðkomandi var

heyrnarlaus eða skertur, en sá þáttur getur haft áhrif á táknmál viðkomandi og ekki síst á hvort viðkomandi lítur á sig sem döff⁴ eða ekki, og þá um leið hvort hann lítur á táknmálið sem sitt móðurmál eða ekki. Heyrnarleysi innan fjölskyldunnar getur einnig haft áhrif, því þá er táknmál mögulega meira notað í daglegu lífi, en eins og sjá má í töflunni á enginn þátttakenda heyrnarlausra foreldra, sem hefði getað haft mikil áhrif á máltöku viðkomandi.

Þrjá af þessum einstaklingum hafði ég samband við af fyrra bragði, þar sem ég og leiðbeinandinn ályktuðum að þau væru bæði tilkippileg í verkefnið og með nægilega kunnáttu í íslensku til að vera góð tilraunadýr og hins vegar hitti ég þrjá aðra einstaklinga á förnunum vegi ef svo má segja, sem einnig táknuðu fyrir mig setningarnar. Allir sem ég sneri mér til veittu mér þá aðstoð sem ég bað um, og kann ég þeim þakkir fyrir það.

Val á sögnum og tíðarhorfum.

Þau íslensku tíðaratviksorð sem ég ákvað að skoða voru: *lengi, stöðugt, reglulega, aftur og aftur, oft, stundum og sjaldan*, og auk þess: *smátt og smátt oftar* og *smátt og smátt lengur*. Þessi tíðaratviksorð þóttu mér ná yfir nokkuð breiðan skala innri tíma frásagna, en eins höfðu sennilega áhrif á val mitt þau tíðaratviksorð sem ég sá notuð í fræðibókum um önnur táknmál, eins og t.d. í bók Sutton-Spence og Woll um BSL (2006:118-120) og í bók Valli og Lucas um ASL (2005:105-107). Auk þessara tíðarhorfa hafði ég fyrst eina setningu með hverri sögn þar sem ekkert tíðarhorf kom fram, svo ég hefði grunnform sagnarinnar til samanburðar og því voru það tíu setningar sem fylgdu hverri sögn.

Við val á sögnum reyndi ég að hafa í huga fjölbreytileika, til dæmis að mismunandi handform væru notuð, að grunnhreyfing táknsins væri mismunandi, að bæði væri um stak- og tvíhandartákn að ræða og að einhverjar sagnanna væru áttbeygingar- og próformasagnir⁵. Eins hefði verið hægt að hugsa sér að gera

⁴ Döff telst sá vera sem er heyrnarlaus eða heyrnarskertur, er hluti af táknmálssamfélaginu og er álitinn af sjálfum sér og öðrum döff tilheyra menningarheimi heyrnarlausra/skertra.

⁵ Áttbeygingasagnir eru sagnir sem nota afstöðu handanna og hreyfingu í rýminu til að sýna frumlag og andlag (Rannveig Sverrisdóttir 2005:15). Próformasagnir hafa handform sem valið er eftir útliti þess sem talað er um, og síðan er rýmið notað til að sýna atburði og staðsetningar (sama:16-17).

rannsóknina með allt öðru hugarfari og nota eingöngu sagnir sem hafa mjög lík grunntákn, eða eru líkar merkingarlega og væri það fróðlegt verkefni í framtíðinni. Fyrir valinu urðu hins vegar í þetta sinn eftirtaldar sagnir: HORFA, BANKA, LESA, HUGSA, GANGA, HEIMSÆKJA og SKRIFA. Sem dæmi um hvernig setningarnar voru settar upp fyrir tákningarana sýni ég hér allar setningarnar sem fylgdu sögninni *að hugsa*:

1. Ég hugsa um vandamálið.
2. Ég hugsa lengi um vandamálið.
3. Ég hugsa stöðugt um vandamálið.
4. Ég hugsa reglulega um vandamálið.
5. Ég hugsa stundum um vandamálið.
6. Ég hugsa aftur og aftur um vandamálið.
7. Ég hugsa oft um vandamálið.
8. Ég hugsa sjaldan um vandamálið.
9. Ég hugsa smátt og smátt oftar um vandamálið.
- 10.Ég hugsa smátt og smátt lengur um vandamálið.

Með sumum sögnunum fannst mér nauðsynlegt að hafa nafnorð, svo setningarnar yrðu heilsteyptar og ekki gæti orðið neinn misskilningur. Þess vegna er t.d. í dæmunum hér á undan hugsað um vandamál en ekki bara eitthvað, þar sem það gæti þýtt að sumir hugsuðu glaðlega á meðan aðrir hugsuðu þunglega o.s.frv., en það gæti auðvitað haft áhrif á tíðarhorfið.

Ýmsir gallar á rannsókninni.

Fljótt varð ég vör við ýmsa galla á þessari rannsókn minni og má þar fyrst nefna hversu margar setningarnar urðu, enda þýða sjö sagnir með tíu setningar hver alls 70 setningar. Hver kannast ekki við að svara t.d. spurningakönnun og byrja glaðbeittur á fyrstu spurningu, en eftir því sem líður á verkið þyngist róðurinn, þar til maður einfaldlega nennir þessu ekki lengur, hvað þá ef spurningarnar væru sjötíu? Ég hafði fengið einn táknmálshafa til að tákna setningarnar fyrir mig áður en hin eiginlega rannsókn fór fram. Við þá prufukeysrslu kom í ljós að þetta var heldur langt, en einnig kom í ljós að nauðsynlegt væri fyrir mig að hafa fyrst setningu þar sem sögnin kæmi fyrir í grunnformi sínu til samanburðar, þannig að setningunum fjölgaði eftir þessa prufu. Þó ég hafi séð þetta vandamál fyrir, ákvað ég engu að síður að halda mínu striki.

Táknararnir voru mislengi að tákna setningarnar, allt frá 8 mínútum og upp í 16, en á heildina litið fannst mér þetta of langt fyrir þá og þeir einfaldlega þreytast. Sá sem minnst úthald (eða áhuga) hafði var sá elsti, táknari 1, en frá setningu 23 var hann kominn algjörlega yfir í fyrrnefnt millimál milli íslenskunnar og tákn málsins, og táknaði t.d. ÉG HUGSA OFT VANDAMÁL fyrir *ég hugsa oft um vandamálið*, á meðan aðrir héldu áfram að breyta sögnum sínum eftir tíðarhorfunum allt til enda, mismikið þó. Ég lét þá alla vita áður en upptakan hófst hvað ég væri að reyna að rannsaka, þ.e. hvernig sagnir breytast í mismunandi setningum.

Sagnirnar þurfti að vera hægt að sýna í umræddum tíðarhorfum og þó svo ég hafi reynt að vanda valið með það í huga, þá urðu sumar setningarnar heldur óeðlilegar, þ.e. tíðarhorfið var ekki eðlilegt með sögninni. Sem dæmi má nefna *Ég heimsæki mömmu lengi*. Þarna höfðar tíðarhorfið *lengi* frekar til dvalar á stað í tákn málinu, heldur en til áttbeygingarsagnarinnar HEIMSÆKJA. Til samanburðar má nefna setninguna *Ég heimsæki mömmu oft* sem er mun eðlilegri, og þar höfðar tíðarhorfið greinilega til sagnarinnar. Aðrar sagnir gengu betur með öllum tíðarhorfunum.

Snemma í upptökuferlinu ákvað ég að sleppa í umfjöllun minni síðastnefndu horfunum tveimur, *smátt og smátt oft* og *smátt og smátt lengur*, þó svo ég hafi tekið allar setningarnar upp hjá öllum þátttakendum. Annars vegar er ástæðan sú, að sumir fræðimenn greina þetta horf alveg sér og nefna það þá á ensku *temporal focus* (Klima og Bellugi 1980:273), en hins vegar fannst mér sumir táknaranna ekki skilja íslensku

setningarnar með þessum horfum rétt. Sumir táknuðu SMÁ fyrir smátt og smátt, en virtust svo ekki gera greinarmun á stigbreytingu atviksorðanna í íslenskunni, þ.e. annar vegar *oft* og hins vegar *oftar*. Útkoman gat því orðið eitthvað líkt og „smá oft“. Þetta var þó alls ekki algilt, en sýnir sennilega þann galla rannsóknarinnar, að hún skuli gera þær kröfur til táknaðanna, að þeir skilji íslenskt ritmál mjög vel.

Það var greinilegt að krafa mín um íslenskukunnáttu var ansi hörð. Þau íslensku orð sem vöfðust mest fyrir táknum og þeim fannst lík voru *oft*, *aftur* og *aftur*, *reglulega* og *stöðugt* og láí ég þeim það ekki. Þau eru það lík að við notum þau á íslensku til að útskýra hvert annað. Ef ég væri beðin að útskýra hvað það þýði að gera eitthvað *oft*, myndi ég sennilega segja að það þýddi að gera eitthvað *aftur* og *aftur* og eins væri auðvelt að útskýra hvað það er að gera eitthvað *stöðugt* með því að segja að það væri að gera eitthvað *oft*.

Helmingur þátttakendanna (allir karlmennirnir) stoppaði einhvern tímann í upptökuferlinu og vildu ræða við mig um þessi orð, spyrja um mismunandi þýðingu þeirra. Helst voru það *reglulega* og *stöðugt* sem flæktust fyrir þeim. Ég svaraði einhvern tímann með því að segja að *stöðugt* benti til meiri óþolinmæði en t.d. *oft*, en þetta kallað á að táknið ÓÞOLINMÓÐUR væri þá notað í setningunum, sem var auðvitað alls ekki meiningin. Konurnar þrjár sáu ekki ástæðu til að ræða þetta við mig, eða spyrja um mismunandi orð, en þær hnutu hins vegar allar um fyrrgreinda vandræðasetningu: *Ég heimsæki mömmu lengi*, og fundu að ekki var hægt að sýna tíðarhorfið *lengi* í áttbeygingarsögninni HEIMSÆKJA. (Þessi munur milli kynjanna sem þarna kemur fram kemur þessari rannsókn ekki við, enda var verið að rannsaka tíðarhorf í ÍTM en ekki hvernig mismunandi kyn bregðast við mismunandi setningum á íslensku, en þetta er engu að síður forvitnilegt).

Frekari umræðu má sjá í lokakaflanum.

Niðurstöður

Í upphafi rannsóknarinnar átti ég erfitt með að gera upp við mig hvort ég ætti að skoða tíðarhorfin hvert fyrir sig, eða hvort ég ætti að athuga hverja sögn fyrir sig og eins fór ég jafnvel að velta fyrir mér að gaman væri að bera saman mismunandi tákna. Ég ákvað þó að best væri að byrja á því að umrita hverja setningu og komst fljótt að því að gaman væri að reyna að skoða alla þessa fleti.

Við umritun kom í ljós, að stundum notaði tákna margar tegundir hreyfinga og hraða í sömu setningunni. Sem dæmi má nefna setninguna *ég les aftur og aftur*, þar sem tákna 3 sýndi tíðarhorfið á eftirfarandi hátt:

3 litlar hliðarhreyfingar⁶ + hendur niður + 1 löng bein hreyfing
+ hendur niður + 2 sporöskjulaga hreyfingar⁷.

Af þessu má ráða að þessi tákna sýni tíðarhorfið *aftur og aftur* með því að setja hendur niður á milli þess sem hann endurtekur sögnina nokkrum sinnum, en hvernig sögnina sjálfa á að endurtaka í þessu tíðarhorfi er erfitt að greina af þessu dæmi, því hún er mismunandi í hvert sinn.

Það gerðist ekki oft að allir tákna væru sammála um hvernig eitthvert tíðarhorf væri sýnt, sem gerir það að verkum að niðurstaðan er sjaldan afgerandi. Eftir samráð við leiðbeinanda minn tók ég þann pólinn í hæðina, að ef meirihluti tákna notaði sömu aðferðina til að sýna tíðarhorfið, þá ákvað ég að líta svo á að þannig sé tíðarhorfið sýnt á ÍTM. Tákna voru sex, en tákna 1 sýndi eins og fyrir hefur verið greint frá einungis tíðarhorf í fyrstu tveimur sögnunum (að horfa og banka) og í þeim sögnum ætlast ég því til að a.m.k. fjórir tákna noti sömu aðferðina til að hún teljist með hér. Í seinni sögnunum fimm sýndi tákna 1 einungis tákna fyrir hvert íslenskt orð og lít ég því svo á að þar hafi tákna einungis verið fimm (fyrir utan þegar grunntáknið var sýnt) og því þurfi einungis þrjú tákna að vera sammála til að ég nefni það. Fjölda tákna sem voru sammála um hvert atriði tek ég ekki alltaf fram, en hann

⁶ Líkt og teikning 1 á bls. 9.

⁷ Líkt og teikning 3 á bls. 9.

má sjá í viðaukum 2 og 3 og auk þess í töflu 2 á bls. 29. Ég tek þó alltaf fram ef allir táknaðarnir voru sammála.

Á næstu blaðsíðum mun ég fyrst skoða niðurstöður rannsóknarinnar flokkaðar eftir sögnum, þá tíðarhorfum og að lokum eftir táknum, en í kaflanum „Samantekt á niðurstöðum og umræður“ mun ég síðan reyna að fá heildarmynd af öllum þessum flötum saman. Sagnirnar og tíðarhorfin tek ég fyrir í sömu röð og þátttakendurnir gerðu í rannsókninni.

Greining út frá sögnum

Nánari flokkun má sjá í viðauka 2.

1. HORFA

Grunnform sagnarinnar er V-pf⁸ með lófa að andliti, sem er fært til hliðar frá andlitinu og lokastaðan er þannig að lófinn snýr niður og V-pf bendir frá tákna. Táknararnir voru allir sammála um þetta grunnform fyrir utan tákna 1, sem sneri lófanum allan tímann að andlitinu. Hann notaði þetta grunnform í öllum setningunum, en sneri svo lófanum niður ef hann sýndi tíðarhorfið á eftir. Þessi sami táknari var sá eini sem notaði raddmálmunnhreyfinguna⁹ (RMM) <horfa> á meðan aðrir notuðu táknmálmunnhreyfinguna (TMM) <stútur>.

Um sögnina HORFA má segja að ef próforminu er haldið stöðugu lengur en í grunnforminu er tíðarhorfið *lengi* sýnt, um það voru allir táknararnir sammála. Það getur einnig bent til tíðarhorfsins *stöðugt*. Ef notaðar eru endurteknar hraðari hliðarhreyfingar (sem eru í raun hluti grunnforms sagnarinnar) líkt og sýnt er á teikningu 1 á bls. 9, gæti táknari verið að sýna tíðarhorfin *oft* eða *reglulega*. Hægari og stærri endurteknar hreyfingar geta sýnt að horft er *stundum*, en táknið SJALDAN var oft notað til að sýna samnefnt tíðarhorf. Hér virðast því hraði og stærð hreyfinga skipta máli.

2. BANKA

Grunnform sagnarinnar er A-pf með lófa frá tákna, sem slær niður 2-4 sinnum. Eini táknarinn sem notaði öðruvísi grunnform var táknari 4 sem sló með A-pf í lófa óvirku handarinnar.

Hreyfingunni í grunnformi þessarar sagnar er lítið hægt að breyta, en táknararnir notuðu hins vegar hraða og fjölda hreyfinga, auk svipbrigða til að sýna tíðarhorf. Hraðari og fleiri hreyfingar benda til tíðarhorfanna *lengi*, *stöðugt* og *oft*, en

⁸ Handformið er úr fingrastafrófinu og pf stendur fyrir próform.

⁹ Raddmálmunnhreyfing telst sú munnhreyfing sem komin er úr raddmáli, eins og t.d. <horfa>, á meðan táknmálmunnhreyfingu er ekki hægt að rekja til raddmáls, eins og t.d. <stútur>. Venja er að skrifa munnhreyfingar innan hornklofa eins og hér er gert.

hreyfingin var gerð allt að 19 sinnum í *oft*. Tíðarhorfinu *stöðugt* fylgdi TMM <samanherpt> hjá öllum táknurunum og oft fylgdi hún tíðarhorfinu *reglulega*. TMM <stútur> fylgdi nokkuð oft tíðarhorfinu *stundum*.

3. HUGSA

Grunnform sagnarinnar er 5-pf sem snýst í sporöskjulaga hring(i) við enni, 1-4 talsins, um leið og fingur sveiflast örlítið. Táknararnir voru sammála um þetta grunnform, þó fjöldi og stærð hringa væri mismunandi. Fimm táknaranna notuðu TMM <stútur>, en táknari 1 notaði RMM. Vert er að hafa í huga, að eftir tvær setningar með sögninni HUGSA hætti táknari 1 alveg að sýna nokkur tíðarhorf og táknaði öll táknið í grunnformi sínu og í íslenskri orðaröð.

Svo virðist sem hraði og stærð hreyfinganna skipti máli. Hraðari hreyfingar benda til tíðarhorfanna *stöðugt* og *oft* og eru fleiri endurtekningar algengar í *stöðugt*. Hraðari mynd grunnformsins, sem síðan er endurtekin eftir hik, bendir til tíðarhorfanna *sjaldan* og *reglulega*. Minni hreyfingar benda til tíðarhorfanna *stundum* og *sjaldan* og stærri, hægari og fleiri hreyfingar en í grunnforminu benda til tíðarhorfsins *lengi*. Ég skoðaði ekki svipbrigðin með þessari sögn, þar sem setningarnar sögðu til um að hugsað væri um vandamál, sem kallar á viss svipbrigði.

4. LESA

Grunnform sagnarinnar var nokkuð mismunandi eftir táknum. Öll notuðu þau B-pf, með lófa að andliti sem var hreyft upp og frá andlitinu. Helmingur þeirra notaði báðar hendur en helmingur aðra höndina, og helmingur þeirra gerði bara eina hreyfingu, á meðan aðrir gerðu 3 sporöskjulagaða hringi. Einnig notaði helmingur þeirra TMM <stútur>.

Sporöskjulaga hreyfing endurtekin nokkrum sinnum, lík teikningu 3 á bls. 9 sem sumir notuðu í grunnforminu, sýnir greinilega tíðarhorfið *stöðugt*, um það voru allir sammála. *Oft* virðist hins vegar hér sýnt með mörgum stuttum hröðum hreyfingum fram og til baka, líkt og á teikningu 1 á bls. 9. Allir táknararnir notuðu stærri hreyfingar grunnformsins, endurteknar eftir nokkrt hik þar sem jafnvel táknið AFTUR var notað til að sýna tíðarhorfið *aftur* og *aftur*, en minni sporöskjulaga hreyfingar virðast benda til að lesið sé *reglulega*. Meirihluti táknaranna notaði SJALDAN með viðeigandi

tíðarhorfi og þrír þeir yngstu notuðu AFTUR. Sem fyrr segir notuðu allir sporöskjulaga hringhreyfingu til að sýna *stöðugt*, en hraðinn var misjafn og notuðu konurnar hraðari hreyfingar en karlarnir. *Stundum* er hægt að sýna með litlum hreyfingum með hiki á milli þeirra. Hér er það því ekki bara hraði og stærð hreyfinga sem sýnir tíðarhorf, heldur einnig mismunandi lögun þeirra og fjöldi.

5. GANGA

Grunnform sagnarinnar er bogið-V-pf sem strýkst beint eftir lófa óvirku handarinnar frá tákna og fer í sveig upp og til baka í upphafsstöðuna, 2-4 sinnum. Allir nema tákna 1 notuðu TMM <stútur>, en tákna 1 notaði RMM.

Allir notuðu tákna 1 hraðari hreyfingar en í grunnforminu til að sýna tíðarhorfið *oft*, en það getur einnig bent til að ganga *stöðugt*, en þá eru hreyfingarnar mun fleiri. *Sjaldan* og *reglulega* er einnig hægt að sýna með hraðari hreyfingum, en þá eru hreyfingarnar minni en í grunnforminu. *Reglulega* var oftast líka sýnt með því að bæta í setninguna tákna FARA-AFTUR-OG-AFTUR¹⁰ sem einnig var stundum notað til að sýna oft. Tíðarhorfið *lengi* virðist vera sýnt með stærri og hægari hreyfingum og TMM <opin>. Yngstu tákna 1 notuðu tákna STUNDUM og AFTUR til að sýna samnefnd tíðarhorf.

6. HEIMSÆKJA

Allir tákna 1 voru sammála um grunnform sagnarinnar, B-pf á óvirku hönd með lófa að tákna og B-pf á virku hönd sem fer í sveig frá tákna yfir óvirku hönd.

Mjög lítið var um að tíðarhorf væri sýnt í sögninni, en í staðinn notað meira af tákna fyrir íslensku tíðaratviksorðin eins og t.d. STUNDUM, OFT og REGLULEGA¹¹. Þó virðist *stöðugt* og *oft* vera sýnt með því að fjölga og hraða á hreyfingum grunnformsins, á meðan hægari hreyfingar grunnformsins, endurteknar eftir tákna STUNDUM, virðast sýna samnefnt tíðarhorf.

¹⁰ Vísi-pf virku handarinnar er fært að og frá handarbaki óvirku handarinnar, sem er með B-pf með lófa að tákna.

¹¹ B-pf færast frá öxl á tímalínu og er hreyft upp og niður um leið.

7. SKRIFA

Grunnformið eru tákningar sammála um, virk hönd er með gogg-á-vísifingri-og-þumli-þf sem strýkur út og inn lófa B-þf á óvirku hendi, 2-3 sinnum.

Hraði og fjöldi hreyfinga er notaður til að sýna tíðarhorf. Hraðari hreyfingar benda til að skrifa *stöðugt, reglulega, oft og aftur og aftur*, og eru allir sammála um að endurtekningarnar eru flestar í *stöðugt*. Hægari, fleiri og stærri hreyfingar, líkar hreyfingunni á teikningu 4 á bls. 9 vísa til tíðarhorfsins *lengi*, en því tíðarhorfi virðist einnig fylgja táknmálsmunnhreyfingin <opinn>. Allir tákningararnir notuðu táknið STUNDUM, og táknið REGLULEGA, AFTUR, OFT og SJALDAN voru einnig notuð af meirihluta tákningaranna.

Eftirtektarvert er að það var ekki fyrr en í fjórðu sögninni sem meirihluti þátttakenda fór að nota stök tákni fyrir íslensku tíðaratviksorðin, og að í síðustu tveimur sögnum, þ.e. setningum 51-70 eru þau mun meira notuð en áður. Hvort það eru sagnirnar sem kalla á þennan mismun, eða sú staðreynd að þátttakendurnir voru farnir að þreytast er ekki hægt að dæma um hér, en þó finnst mér að lengd rannsóknarinnar geti átt hér hlut að máli. Þó gæti skipt máli hvernig sagnirnar eru myndaðar, eða hvernig þær eru merkingarlega séð.

Annað atriði vakti eftirtekt mína í þessari flokkun, sem er það, að það virðist vera mest samræmi milli þátttakenda í því hvernig hvert tíðarhorf er sýnt í fjórum sögnum, þ.e. HUGSA, GANGA, HORFA og SKRIFA taka allar svipuðum breytingum fyrir sömu tíðarhorf. Sagnirnar BANKA, LESA og HEIMSÆKJA virðast hafa hver sína sérsöku aðferð til að sýna tíðarhorf. Sem fyrr er ekki hægt að segja til um hver ástæðan er, hvort það er eitthvað í merkingu sagnanna eða myndun þeirra sem ræður þessum mismun, en fróðlegt væri að sjá fleiri rannsóknir sem gætu varpað ljósi á þessi atriði.

Frekari umræðu má finna í kaflanum „Samantekt á niðurstöðum og umræður“.

Greining út frá tíðarhorfum

Nánari flokkun má sjá í viðauka 3.

1. Lengi

Ekkert eitt atriði er hægt að segja að hafi alltaf verið notað til að sýna tíðarhorfið *lengi*, en þó virðast stærri og um leið hægari hreyfingar vera notaðar nokkuð oft og í öllum sögnunum nema HORFA (þar sem próforminu var haldið) voru hreyfingarnar heldur fleiri en í grunnforminu. Táknmálmunnhreyfingin <opinn> var notuð af einhverjum táknurum með meirihluta sagnanna. BANKA sker sig hér úr, þar sem hraðari og fleiri hreyfingar voru oftast notaðar. (Sögnin HEIMSÆKJA var ekki með í þessari greiningu eins og áður hefur verið útskýrt)

2. Stöðugt

Nokkuð ljóst er að tíðarhorfið *stöðugt* er sýnt með því að nota hraðari og fleiri hreyfingar en í grunnforminu, þar sem meirihluti táknara gerði það í öllum sögnunum nema HORFA. Þar var próforminu hins vegar haldið lengur en í grunnforminu, eins og verið sé að glápa, sem vel er viðeigandi. Þessum hraðari hreyfingum fylgir oft að þær minnka. Táknmálmunnhreyfingin <stútur> var notuð nokkuð oft. Sem fyrr segir fannst sumum þátttakendunum orðið *stöðugt* torskilið og lítill munur á því og t.d. *oft*.

3. Reglulega

Í fjórum sögnum af sjö notaði meirihluti táknara hraðari hreyfingar til að sýna tíðarhorfið *reglulega*, en með sögninni BANKA var það sýnt með samanherptu andliti. Það var ýmist að hreyfingunum var fjölgað lítilllega, eða að grunnformið var endurtekið eftir að einhverjum táknum var skotið inn eða jafnvel smá hik gert á tákuninni. Þetta tíðarhorf er í sjálfu sér ekki mjög skýrt hvorki hvað varðar tíma né tíðni, þ.e. það getur allt eins þýtt einu sinni á dag og einu sinni á ári.

4. Stundum

Í sögnunum HORFA og HEIMSÆKJA notaði meirihluti táknara hægari og jafnvel stærri hreyfingar til að sýna tíðarhorfið *stundum*, á meðan minni hreyfingar voru

notaðar í HUGSA og LESA. Í langflestum tilfellum var grunnformið endurtekið eftir smá hik. Táknið STUNDUM var notað því meira sem leið á rannsóknina hjá hverjum tákna og notuðu það allir með síðustu sögninni, SKRIFA. Hvort það var vegna þreytu eða vegna þess að viðeigandi tíðarhorf er ekki hægt að sýna í sögninni er ekki hægt að staðfesta, þó freistandi sé að álykta að þreyta eigi þarna einhvern hlut að máli.

5. Aftur og aftur

Fá atriði voru notuð af meirihluta tákna til að sýna þetta tíðarhorf, en þó notuðu allir tákna stærris hreyfingar til að *lesa aftur og aftur*, en hraðari hreyfingar voru frekar notaðar í SKRIFA. Táknið AFTUR var notað af meirihluta tákna við fjórar sagnir á milli endurtekninga grunnforma þeirra og þá sérstaklega af yngstu þátttakendum þremur. Sögnin HORFA skiptist alveg eftir aldri, þannig að yngstu tákna þeir notuðu grunnform sagnarinnar og svo AFTUR, á meðan þau þrjú elstu notuðu stórar hliðarhreyfingar.

6. Oft

Greinilegt er að hraðari og fleiri hreyfingar sýna tíðarhorfið *oft*, því meirihluti tákna notaði hraðari hreyfingar í öllum sögnunum og við flestar sagnir fjölgaði hreyfingunum einnig. Fjöldi endurtekninganna var mjög misjafn, allt upp í 19. Í sögninni LESA breytti einnig meirihluti tákna hreyfingunni, þannig að hún varð beinni, líkt og á teikningu 1 á bls. 9.

7. Sjaldan

Grunnformið var oft endurtekið með hiki á milli og var táknið SJALDAN mikið notað milli endurtekninganna, en í fimm sögnum af sjö var það notað af meirihluta þátttakenda og skipti aldur þar engu máli. Litlar hraðar hreyfingar geta bent til tíðarhorfsins *sjaldan* í sögnunum HUGSA og GANGA, en aðrar breytingar, notaðar af a.m.k. helmingi þátttakenda, komu ekki fram.

Frekari umræðu má finna í kaflanum „Samantekt á niðurstöðum og umræður“.

Samanburður á táknum

Mér finnst einnig áhugavert að bera saman mismunandi tákna, þó sá þáttur hafi minnst vægi í þessari rannsókn. Til hægðarauka set ég hér aftur töflu 1, sem sýnir upplýsingar um kyn, aldur og heyrnarskerðingu þátttakenda og heyrnarleysi innan fjölskyldu þeirra:

Tafla 1 Upplýsingar um þátttakendur.

	Fæðingarár	Heyrnarleysi í nánustu fjölskyldu	Heyrnarlaus eða heyrnarskert(ur)	Kyn
Táknari 1	1956	Heyrnarlaust systkini	Heyrnarlaus	kk
Táknari 2	1964	Heyrnarlaust systkini	Heyrnarlaus	kvk
Táknari 3	1964	Enginn	Heyrnarskertur	kk
Táknari 4	1974	Enginn	Heyrnarskert	kvk
Táknari 5	1981	Enginn	Heyrnarlaus	kvk
Táknari 6	1981	Enginn	Heyrnarlaus	kk

Þátttakendur 2 og 3 eru jafngamlir, en sýna tíðarhorf á mjög mismunandi máta. Táknari 2 var sá sem var einna samkvæmastur sjálfum sér í því hvernig hann sýndi tíðarhorfin, með mismunandi hraða og tímalínunum¹², á meðan táknari 3 var mjög lítið samkvæmur sjálfum sér. Það er freistandi að álíta að þessi munur á táknum sé vegna þess að annar er heyrnarlaus og á heyrnarlaust systkini, á meðan hinn er heyrnarskertur og á ekkert náíð skyldmenni sem talar táknmál, en þó er ekki hægt að fullyrða um það og þyrfti aðra rannsókn þar sem þetta væri skoðað sérstaklega til að staðfesta það. Táknari 2 var einnig sá tákna sem oftast notaði þær aðferðir sem lokaniðurstöður þessarar rannsóknar benda til að séu þær breytingar á sögnum sem sýna tíðarhorf.

Táknari 5 og 6 eru einnig jafngamlir, og eru þeir heldur líkari í táknum sinni hvað tíðarhorfið varðar heldur en tákna 2 og 3, kannski vegna þess að bakgrunnur þeirra er líkari. Þeir notuðu t.d. báðir hraðari hreyfingar til að sýna að eitthvað gerist

¹² Tímalínur eru ímyndaðar línur í táknrýminu, sem tákna notar til að sýna tíma í frásögnum sínum (Sutton-Spence o.fl. 2006:183-5).

stöðugt eða *oft*, og voru einnig nokkuð sammála í notkun sinni á táknum fyrir íslensku tíðaratviksorðin, eins og t.d. OFT og SJALDAN.

Nokkur atriði fundust mér athyglisverð þegar ég fór að bera saman táknaana. Táknarar 1 og 4¹³ skáru sig t.d. alveg úr hópnum, en hvorugur þeirra sýndi miklar breytingar á sögnunum sjálfum til að sýna tíðarhorf. Þeir notuðu langmest af hreinum táknum fyrir íslensku tíðaratviksorðin, og voru einu táknaarnir sem notuðu raddmálmunnhreyfingar með sögnunum, eins og t.d. <labb> með GANGA og <heims> með HEIMSÆKJA, en táknari 1 gerði það oft en táknari 4. Þeir voru að þessu leyti líkir hvor öðrum.

Þeir þátttakendur sem eru heyrnarskertir, þ.e. númer 3 og 4, voru hins vegar mjög ólíkir og var táknari 4 mun líkari táknaara 1 sem fyrr segir. Í því sambandi er vert að nefna að táknari 3 var alla sína tíð í Heyrnleysingjaskólanum, sem táknari 4 var ekki, og ólst hann því upp í stórum hópi döff, þar sem hann er af hinni svokölluðu '64-kynslóð'¹⁴. Hann er samt mjög ólíkur táknaara 2 sem er af sömu kynslóð, eins og áður var nefnt, en freistandi er að álykta að skólinn hafi haft þarna áhrif.

Ef lítið er fram hjá táknaara 1, þá er skýr munur eftir aldri hversu mikið tákni fyrir tíðaratviksorðin voru notuð í stað beygingar. Yngri táknaarnir notuðu tákni oft en þau eldri og eins notuðu þau fleiri tákni, eins og t.d. STUNDUM og AFTUR, en hins vegar notuðu allir táknaarnir SJALDAN.

Enn fremur fannst mér eftirtektarverð notkunin á tímalínunum. Þrjú táknaaranna notuðu einhvern tímann tímalínur þegar þeir sýndu tíðarhorfin, táknari 2 mikið, táknari 4 einstaka sinnum og táknari 5 nokkuð oft. Það sem vakti athygli mína er að þetta eru allt saman konur, en karlarnir notuðu aldrei tímalínur.

¹³ Táknari 4 tók oft fram við mig að hann væri ekki „ekta“ döff, og væri ekki viss um að hann talaði rétt tákni.

¹⁴ Árið 1964 fæddust óvenjumörg heyrnarlaus og skert börn, vegna faraldurs rauðra hunda.

Samantekt á niðurstöðum og umræður.

Þegar lagt var af stað í þessa rannsókn bjóst ég við að sjá oftari en raun bar vitni breytingar á hreyfingunni í grunnformi sagnanna, þ.e. á ferli þeirra, líkt og sagt var um ASL hér fyrir í ritgerðinni. Í ljós kom hins vegar að þeir málhafar ÍTM sem tóku þátt í þessari rannsókn nota frekar mismunandi hraða og stærð endurtekninga til að sýna hin mismunandi tíðarhorf, sem er líkara því sem kom fram hér áður um BSL. Þessum mismunandi hraða fylgja einnig oft misstórar hreyfingar, en ég tel að það geti allt eins verið hraðinn sem valdi því, þ.e. ef tákneri notar hraðari hreyfingar verða þær ósjálfrátt minni svo höndin komist fyrir á upphafspunkt til að byrja nýja hreyfingu. Á sama hátt getur minni hraði kallað á stærri hreyfingar.

Hér á eftir fylgir tafla 2, þar sem ég hef reynt að setja upp á skýran hátt helstu atriðin sem meirihluti táknera notaði til að sýna hvert tíðarhorf fyrir sig, í hverri sögn fyrir sig, en á eftir töflunni fylgir meiri umræða um niðurstöðurnar.

Tafla 2. Samantekt á þeim atriðum sem meirihluti eða allir þátttakendur breyttu eða bættu við grunnform sagnanna til að sýna viðkomandi tíðarhorf, í hverri sögn fyrir sig. Fjöldi tákna sem notuðu hvert atriði er sýndur, t.d. þýðir „4x“ að fjórir tákna hafi notað viðkomandi aðferð.

	lengi	stöðugt	reglulega	stundum	aftur og aftur	oft	sjaldan
HORFA	allir halda próforminu,	4x halda próforminu	5x fleiri hreyfingar, 4x hraðari hreyf.	5x hægari og stærri hreyf.		4x hraðari, heldur fleiri hreyfingar	4x SJALDAN
BANKA	5x fleiri hreyf., 4x hraðari hreyf.	allir fleiri hreyf., allir <samanherpt> 5x hraðari hreyf.	5x <samanherpt>	4x <stútur>		5x fleiri hreyfingar, 4x hraðari hreyfingar	
HUGSA	4x fleiri hreyf., 3x stærri og hægari hreyf.	4x hraðari hreyf., 3x fleiri hreyf.	3x hraðari hreyf.	3x minni hreyf.		3x hraðari hreyfingar	4x minni hraðari hreyfingar
LESA	3x fleiri hreyf. , 3x <stútur>	allir fleiri sporösk. 3x hraðari hreyf., 3x <stútur>	4x heldur fleiri hr., 3x sporöskjulaga litlar hreyfingar	4x minni hreyf.	allir stærri hreyf. 3x AFTUR	allir fleiri hreyfingar, 4x minni hraðari hliðarhreyfingar	3x SJALDAN
GANGA	3x stærri, hægari og fleiri hr., 3x <opinn>	allir fleiri hreyf. 4x hraðari hreyf., 3x minni hr.<stútur>	4x minni hraðari hr., 4x FARA-AFTUR- OG-AFTUR	3x STUNDUM	3x AFTUR	allir hraðari hreyf. 3x FARA-AFTUR- OG-AFTUR	3x minni hraðari hreyfingar, 3x SJALDAN
HEIM- SÆKJA		3x hraðari, minni, fleiri beinni hr.	3x REGLULEGA	4x STUNDUM, 3x hægari hreyf.	3x heldur fleiri hr., 3x AFTUR	4x OFT, 3x hraðari fleiri hreyf.	3x SJALDAN
SKRIFA	allir fleiri hreyf., 4x <opinn>, 3x st. hæg. sporöskj.	allir fleiri hreyf. 3x hraðari hreyf., 3x <stútur>	3x hraðari hreyf., 3x REGLULEGA	allir STUNDUM	3x minni hraðari hreyfingar, 3x AFTUR	4x hraðari fleiri hreyf., 3x OFT, 3x <samanherpt>	3x SJALDAN

Hraðari og minni hreyfingar eru greinilega notaðar til að sýna að eitthvað gerist **oft** eða **stöðugt**, en þær geta líka, ef hik kemur á milli þeirra, bent til að eitthvað gerist **reglulega** og höfða þær því til tíðni frekar en tímalengdar. Meirihluti, og í sumum tilfellum allir þátttakendur notuðu hraðari hreyfingar til að sýna þessi tíðarhorf í HUGSA, GANGA og SKRIFA og í sögninni HORFA var þetta notað hjá meirihluta tákna til að sýna *oft* og *reglulega*, en þar var *stöðugt* sýnt á annan hátt. Vert er að minna á, að nokkrir þátttakendanna sögðu að þeim fyndist þessi þrjú íslensku orð, þ.e. *oft*, *stöðugt* og *reglulega*, lík og útskýrir það sennilega hversu lík þessi tíðarhorf eru í táknmálinu. Greinilegt er að eins og í BSL getur ein breyting á hreyfingu sýnt mismunandi tíðarhorf, því hraðari og minni hreyfingar við sögnina GANGA og HUGSA geta einnig bent til að *sjaldan* sé gengið eða hugsað.

Stærri og hægari hreyfingar sýna að eitthvað er gert **lengi**, og höfða til tímalengdar verknáðar frekar en tíðni og er það í samræmi við það sem áður var sagt um sænska táknmálið. Þetta kom fram hjá meirihluta tákna í HUGSA, GANGA og SKRIFA. Eins notuðu allir tákna stærri hreyfingar til að *lesa aftur og aftur*. Það að *horfa lengi* sýndu allir tákna með því að halda próforminu, sem er sama aðferð og notuð er í BSL.

LESA er eina sögnin þar sem ég gat greint **breytingu á hreyfingu grunnformsins**. Þar koma skýrt fram að **sporöskjulaga** hreyfingar (sbr. teikningu 3 á bls. 9) sýna að lesið er *stöðugt*, um það voru allir sammála, en litlar **beinar** hreyfingar (sbr. teikningu 1 á bls. 9) sýna að lesið er *oft*. Þessar hreyfingar þýða því ekki það sama og í ASL þó útlit þeirra sé svipað. Sömu beinu hreyfingar má sjá í sögninni HORFA, en þar eru þær hluti af grunnformi sagnarinnar og því ekki merkingarbærar sem tíðarhorf. Forvitnilegt væri hins vegar að skoða fleiri sagnir sem líkjast LESA að grunnformi eða merkingarlega til að athuga hvort þessar sömu breytingar komi þar fram, því ekki er hægt að greina hér hvort það er myndun sagnarinnar sem ræður breytingunni. Það gæti þó allt eins verið að breytingar á hreyfingu grunnforms sagna séu einfaldlega lítið notaðar til að sýna tíðarhorf í ÍTM, eins og þessi rannsókn virðist benda til, þ.e. að LESA sé jafnvel einhvers konar undantekning, en eins og áður kom fram var þetta sú breyting sem ég bjóst við að sjá og því vekur áhuga minn að hún komi fram í þessari sögn.

Langoftast voru **endurteknar hreyfingar** notaðar til að sýna tíðarhorf eins og í öðrum táknmálum sem nefnd voru hér fyrir í ritgerðinni, en tíðarhorfin skiptust í tvo flokka með hvernig þær endurtekningar voru notaðar. Annars vegar eru *reglulega, aftur og aftur, stundum* og *sjaldan*, þar sem grunnform sagnarinnar var oftast **endurtekið með hiki á milli**, þar sem öðrum táknum var jafnvel skotið inn í. Hikið var að öllu jöfnu lengst þegar tíðarhorfið *sjaldan* var sýnt og voru hendurnar þá jafnvel settar alveg niður. Hins vegar eru svo *lengi, stöðugt* og *oft*, en þar voru hreyfingarnar **endurteknar án nokkurs hiks**, allt upp í 19 sinnum hjá einum táknum þegar hann var að *banka oft*. Endurtekningarnar virðast að öllu jöfnu vera flestar í tíðarhorfinu *stöðugt*, en niðurstöðurnar voru ekki afgerandi hvað þetta varðar. Það væri verðugt verkefni að reyna að rannsaka hvort það er fjöldi endurtekninga eða hraði þeirra sem greinir á milli mismunandi tíðarhorfa, eða hvort merking eða grunnmynd mismunandi sagna spilar hér inn í og kallar á mismunandi fjölda og hraða endurtekninga. Vert er einnig að taka fram, að hægt er að halda táknu á hreyfingar, sem er líkt og áður kom fram um BSL.

Munnhreyfingu og svipbrigðum var breytt í nokkrum tilfellum, en það var ekki það algengt að ég sjái ástæðu til að fjalla sérstaklega um það hér. Öðrum einingum grunnforms tákna, handformi, myndunarstað og afstöðu var ekki breytt.

Nokkur tákn fyrir tíðaratviksorðin virðast vera hluti af orðasafni ÍTM og á það sérstaklega við um SJALDAN, sem allir táknaarnir notuðu og sumir þeirra alltaf. OFT var einnig notað af öllum þátttakendum nema einum. Táknið AFTUR var notað af meirihluta tákna við fimm sagnir og þá sérstaklega af yngstu þátttakendum þremur. Það er skýr munur eftir aldri hversu mikið tákn fyrir tíðaratviksorðin voru notuð í heild sinni. Yngri táknaarnir notuðu tákni oft en þau eldri og eins notuðu þau fleiri tákna, eins og t.d. STUNDUM og AFTUR (að undanskildum tákna 1 sem var sér á parti hvað þetta varðar).

Af þeim táknmálum sem ég ræddi um fyrir í þessari ritgerð, ASL, BSL og SSL virðist ÍTM líkjast því breska mest, því BSL notar líkt og ÍTM hraða hreyfinga og endurtekningar þeirra til að sýna tíðarhorf. Eins er greinilegt að í ÍTM líkt og BSL getur sama tegund hreyfingar sýnt mismunandi tíðarhorf, eftir því hvaða sögn á í hlut og að hægt er að halda táknu á hreyfingar, sem þýðir að atburðurinn stendur *lengi* yfir. Þó hægt sé að greina breytingar á hreyfingum í ÍTM líkt og sýnt var í ASL og SSL, þá þýða þær breytingar ekki það sama og í þeim táknmálum og virðast auk þess lítið notaðar.

Lokaorð

Ég verð að viðurkenna að ég var að vonast eftir meira afgerandi niðurstöðum í þessari rannsókn minni en raun ber vitni. Það hlýtur að vera hægt að fá skýrari svör, því málhafar á ÍTM skilja hver annan og geta sagt það sem þeir vilja, en hvað væri hægt að gera til að fá þau svör? Sennilega þarf ýmsu að breyta frá minni rannsókn og varpa ég hér fram nokkrum hugmyndum þar um.

Fyrst af öllu held ég að sá sem stendur fyrir rannsókn af þessu tagi þurfi helst að koma úr hópi döff. Ég minntist áður á þá tilhneigingu döff að nota millimál íslensku og táknaþáls þegar þeir tala við heyrandi og hjá því vandamáli verður ekki komist fyrir en einn úr þeirra röðum sér um alla hluti rannsóknarinnar. Það getur líka verið að döff viti að hverju eigi að leita í rannsókn sem þessari. Er eitthvað sem fer fram hjá mér sem er einmitt lykilatriði í hvernig greina á milli tveggja tíðarhorfa sem mér finnst mjög lík, eins og t.d. *oft* og *stöðugt*? Mér hefði í þessu sambandi fundist forvitnilegt að fá einhvern málhafa ÍTM sem ekki tók þátt í rannsókninni til að skoða upptökurnar og þýða setningarnar til baka yfir á íslensku, til að athuga hvort hann hefði skilið tíðarhorfin „rétt“. Kannski að það verði gert síðar.

Það er ekki vafamál í mínum huga að rannsóknir framtíðarinnar verða að vera styttri, þ.e. með færri setningum. Vonandi væri hægt að nota þessa rannsókn sem grunn og skoða í framhaldinu t.d. færri tíðarhorf í einu, eins og til dæmis tíðarhorf sem virðast mjög lík í þessari rannsókn, til að komast að hver munurinn á þeim er og gera þannig minni rannsóknir í hvert sinn, en fleiri í staðinn. Eins væri hægt að hugsa sér að taka færri sagnir í einu og taka þá t.d. saman sagnir sem eru líkar merkingarlega eða myndunarlega. Í þessu samhengi er vert að benda á, að þær heimildir sem ég hef vitnað til í þessari ritgerð um ASL, BSL og SSL fjalla um fá tíðarhorf og fáar sagnir í hvert sinn, en ekki koma alltaf fram upplýsingar um stærð rannsókna. Þó kemur fram að í rannsókn Bergman og Dahl (1994) voru það u.þ.b. 200 setningar sem þátttakendurnir táknuðu, sem stangast algjörlega á við hugmyndir mínar um að færri setningar gefi betri rannsókn (1994:397).

Á hinn bóginn held ég að stærra úrtak tákna sé nauðsynlegt til að reyna að komast að niðurstöðu í rannsóknnum sem þessari, og á sama hátt tel ég nauðsynlegt að geta notað annað efni en íslenskar setningar, til að losna við áhrif íslenskunnar eins og

ég hef áður nefnt. Það væri freistandi að reyna að koma upp samvinnu við góðan teiknara, sem gæti búið til teiknimynd(ir) sem kalla á viðeigandi sagnir og tíðarhorf, en slíkt kostar bæði tíma og peninga. Þá þyrfti hins vegar að vera vandað vel til verka, því teikningar geta auðvitað verið leiðandi ekki síður en ritmál og þar með haft áhrif á hvernig þeim er lýst.

Von mín er þó sú, að þessi rannsókn sé fyrsta skrefið í því að greina hvernig tíðarhorf er sýnt í íslenska táknmálinu, og svo auðvitað að hún svari einhverjum spurningum þeirra sem eru að læra íslenska táknmálið.

Heimildaskrá

- Arnþrúður Jónsdóttir. 1997. *Mennt er máttur. Þróun kennsluáðferða fyrir heyrnarlausa 1867-1997*. BA-ritgerð í táknafræði við Háskóla Íslands.
- Baker-Shenk, Charlotte og Dennis Cokely. 1980. *American Sign Language, A Teacher's Resource Text on Grammar and Culture*. Clerc Books, Washington DC.
- Bergman, Brita og Östen Dahl. 1994. „Ideophones in Sign Language? The place of reduplication in the tense-aspect system of Swedish Sign Language“. Í Carl Bache, Hans Basbøll, Carl-Erik Lindberg ritstj: *Tense, Aspect and Action: empirical and theoretical contributions to language typology*. Mouton de Gruyter, Berlin.
- Comrie, Bernard. 1976. *Aspect*. University Press, Cambridge.
- Höskuldur Þráinsson. 2006. *Handbók um málfræði*. Ritstj. Árni Árnason og Heimir Pálsson. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Ingibjörg B. Frímannsdóttir. 2005. „Horfur á horfi.“ *Hrafnaving*, 2005;2: 28-52.
- Jón Friðjónsson. 1989. *Samsettar myndir sagna*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Jón Gunnarsson. 1973. *Málmyndunarfræði*. Iðunn, Reykjavík.
- Klima, Edward og Ursula Bellugi. 1980. *The Signs of Language*. Harvard University Press, Cambridge.
- Kristján Árnason. 1980. *Íslensk málfræði. Kennslubók handa framhaldsskólum. Seinni hluti*. Iðunn, Reykjavík.
- Kyle, J.G. og B. Woll. 1985. *Sign Language. The study of deaf people and their language*. University Press, Cambridge.

- Liddell, Scott K. 2003. *Grammar, Gesture and Meaning in American Sign Language*. University Press, Cambridge.
- Rannveig Sverrisdóttir. 2005. „Táknmál – tungumál heyrnarlausra.“ *Málfríður*, 2005;1: 14-19.
- Sutton-Spence, Rachel og Bencie Woll. 2006. *The Linguistics of British Sign Language: an introduction*. University Press, Cambridge.
- Sören Sörenson. 1984. *Ensk-íslensk orðabók með alfræðilegu ívafi*. Örn og Örlygur, Reykjavík.
- Valli, Clayton, Ceil Lucas og Kristin J. Mulrooney. 2005. *Linguistics of American Sign Language: an introduction*. Gallaudet University, Washington DC.

Viðauki 1

A

1. Ég horfi á myndina á veggnum.
2. Ég horfi lengi á myndina á veggnum.
3. Ég horfi stöðugt á myndina á veggnum.
4. Ég horfi reglulega á myndina á veggnum.
5. Ég horfi stundum á myndina á veggnum.
6. Ég horfi aftur og aftur á myndina á veggnum.
7. Ég horfi oft á myndina á veggnum.
8. Ég horfi sjaldan á myndina á veggnum.
9. Ég horfi smátt og smátt oftar á myndina á veggnum.
10. Ég horfi smátt og smátt lengur á myndina á veggnum.

B

1. Ég banka á hurðina.
2. Ég banka lengi á hurðina.
3. Ég banka stöðugt á hurðina.
4. Ég banka reglulega á hurðina.
5. Ég banka stundum á hurðina.
6. Ég banka aftur og aftur á hurðina.
7. Ég banka oft á hurðina.
8. Ég banka sjaldan á hurðina.
9. Ég banka smátt og smátt oftar á hurðina.
10. Ég banka smátt og smátt lengur á hurðina.

C

1. Ég hugsa um vandamálið.
2. Ég hugsa lengi um vandamálið.
3. Ég hugsa stöðugt um vandamálið.
4. Ég hugsa reglulega um vandamálið.
5. Ég hugsa stundum um vandamálið.
6. Ég hugsa aftur og aftur um vandamálið.
7. Ég hugsa oft um vandamálið.
8. Ég hugsa sjaldan um vandamálið.

9. Ég hugsa smátt og smátt oftar um vandamálið.
10. Ég hugsa smátt og smátt lengur um vandamálið.

D

1. Ég les.
2. Ég les lengi.
3. Ég les stöðugt.
4. Ég les reglulega.
5. Ég les stundum.
6. Ég les aftur og aftur.
7. Ég les oft.
8. Ég les sjaldan.
9. Ég les smátt og smátt oftar.
10. Ég les smátt og smátt lengur.

E

1. Ég geng í vinnuna.
2. Ég geng lengi.
3. Ég geng stöðugt í vinnuna.
4. Ég geng reglulega í vinnuna.
5. Ég geng stundum í vinnuna.
6. Ég geng aftur og aftur í vinnuna.
7. Ég geng oft í vinnuna.
8. Ég geng sjaldan í vinnuna.
9. Ég geng smátt og smátt oftar í vinnuna.
10. Ég geng smátt og smátt lengri göngutúra.

F

1. Ég heimsæki mömmu.
2. Ég heimsæki mömmu lengi.
3. Ég heimsæki mömmu stöðugt.
4. Ég heimsæki mömmu reglulega.
5. Ég heimsæki mömmu stundum.
6. Ég heimsæki mömmu aftur og aftur.

7. Ég heimsæki mömmu oft.
8. Ég heimsæki mömmu sjaldan.
9. Ég heimsæki mömmu smátt og smátt oftar.
10. Ég heimsæki mömmu smátt og smátt lengur.

G

1. Ég skrifa í bókina.
2. Ég skrifa lengi í bókina.
3. Ég skrifa stöðugt í bókina.
4. Ég skrifa reglulega í bókina.
5. Ég skrifa stundum í bókina.
6. Ég skrifa aftur og aftur í bókina.
7. Ég skrifa oft í bókina.
8. Ég skrifa sjaldan í bókina.
9. Ég skrifa smátt og smátt oftar í bókina.
10. Ég skrifa smátt og smátt lengur í bókina.

Viðauki 2

Hér eru sýnd, flokkuð eftir sögnum, öll þau tilfelli þar sem a.m.k. helmingur tákna var sammála um hvernig þeir sýndu viðeigandi tíðarhorf.

1. HORFA

Lengi

Allir tákna héldu V-próforminu stöðugu lengur en í grunnformi sagnarinnar, flestir alveg kyrru. Helmingur tákna var með TMM <stútur> og hinn helmingurinn <opinn munnur>.

Stöðugt

Fjórir tákna héldu próforminu stöðugu lengur en í grunnforminu. Undantekningar voru yngstu tákna.

Reglulega

Fimm tákna fjölga hreyfingum. Fjórir tákna notuðu hraðar hliðarhreyfingar, líkt og á teikningu 1 á bls. 9. Undantekningar voru tákna 2 og 3.

Stundum

Fimm tákna notuðu hægari og stærri hreyfingar en í grunnforminu. Undantekning var tákna 1 sem notaði STUNDUM en það gerðu einnig tveir aðrir tákna.

Aftur og aftur

Þrjú tákna notuðu stórar hliðarhreyfingar, á meðan þrjú þeir yngstu notuðu AFTUR.

Oft

Fjórir tákna notuðu hraðar hreyfingar fram og til baka líkt og á teikningu 1 á bls. 9 og þær voru heldur fleiri en í grunnforminu. Undantekningar voru tákna 3 og 4. Þrjú tákna notuðu OFT.

Sjaldan

Fjórir tákna notuðu SJALDAN.

2. BANKA

Lengi

Fimm tákningar fjölguðu hreyfingunum og fjórir tákningaranna notuðu einnig hraðari hreyfingar. Þrjár tákningaranna höfðu samanherpt andlit og hinir þrjár TMM <opinn munnur>.

Stöðugt

Allir tákningararnir notuðu samanherpt andlit og fjölguðu hreyfingunum. Fimm tákningaranna bönguðu hraðar en í grunnforminu og enn oftar en þegar bankað var *lengi*. Undantekning var tákning 3 sem bankaði oft, en heldur hægar.

Reglulega

Fimm tákningar voru með samanherpt andlit.

Stundum

Þrjár tákningaranna settu hendur niður á milli þess sem grunnformið var sýnt. Fjórir tákningar notuðu TMM <stútur>.

Aftur og aftur

Þrjár tákningaranna bönguðu hraðar en í grunnforminu og þrjár notuðu samanherpt andlit.

Oft

Fimm tákningar fjölguðu hreyfingunum og fjórir þeirra bönguðu hraðar en í grunnforminu.

Sjaldan

Þrjár tákningaranna notuðu SJALDAN.

3. HUGSA

Lengi

Fjórir tákningar fjölguðu hreyfingunum örlítið og þrjár þeirra notuðu stærri og hægari hreyfingar.

Stöðugt

Fjórir tákningaranna notuðu hraðari hreyfingu en í grunnforminu og þrjár þeirra fleiri hreyfingar.

Reglulega

Þrjár tákningar notuðu hraðari hreyfingar.

Stundum

Þrír táknaðaranna notuðu minni hreyfingar en í grunnforminu.

Oft

Þrír táknaðaranna notuðu hraðari hreyfingar.

Sjaldan

Fjórir táknaðaranna notuðu litlar snöggar hreyfingar.

4. LESA

Lengi

Þeir sem gerðu eina hreyfingu í grunnforminu halda því, en hægja á hreyfingunni, en hreyfingunum fjölga hjá þeim sem gerðu fleiri en eina í grunnforminu. Þrír táknaðar voru með TMM <stútur>.

Stöðugt

Allir nota sporöskjulaga hringi eins og á teikningu 3 á bls. 9, fleiri en í grunnforminu, en mishraða. Nú bætist einn táknaði í hóp þeirra sem nota báðar hendur. Þrír táknaðar (allar konurnar) notuðu hraðari hreyfingar. Þrír táknaðar nota TMM <stútur>.

Reglulega

Fjórir táknaðaranna notuðu heldur fleiri hreyfingar en í grunnforminu og þrír þeirra notuðu litlar sporöskjulaga hreyfingar.

Stundum

Fjórir táknaðaranna notuðu minni hreyfingar.

Aftur og aftur

Allir táknaðararnir notuðu stærri hreyfingar og þrír þeir yngstu notuðu AFTUR.

Oft

Fjórir táknaðar notuðu stuttar hraðar hreyfingar fram og til baka, líkt og á teikningu 1 á bls. 9 og allir notuðu fleiri hreyfingar en í grunnforminu.

Sjaldan

Þrír táknaðaranna notuðu SJALDAN.

5. GANGA

Lengi

Þrír tákningaranna notuðu fleiri en stærri og hægari hringi. Þrír yngstu þátttakendurnir notuðu TMM <opinn> en tákningar 2 og 3 <stútur>.

Stöðugt

Allir tákningar fjölguðu hreyfingunum. Fjórir tákningaranna notuðu hraðari hreyfingar og þrír þeirra minni hreyfingar en í grunnforminu. Þrír tákningar notuðu TMM <stútur>.

Reglulega

Fjórir tákningaranna notuðu minni og hraðari hreyfingar og fjórir þeirra notuðu líka FARA-AFTUR-OG-AFTUR.

Stundum

Þrír yngstu tákningararnir notuðu STUNDUM.

Aftur og aftur

Þrír yngstu tákningararnir notuðu AFTUR.

Oft

Allir tákningaranna notuðu hraðari hreyfingar og þrír þeirra notuðu FARA-AFTUR-OG-AFTUR.

Sjaldan

Þrír tákningaranna notuðu litlar hraðar hreyfingar og þrír þeirra notuðu SJALDAN.

6. HEIMSÆKJA

Stöðugt

Þrír tákningaranna notuðu hraðari, fleiri og minni hreyfingar, sem breyttust úr sveigðri hreyfingu grunnformsins í beina hreyfingu fram og til baka, líkt og á teikningu 1 á bls. 9.

Reglulega

Þrír tákningaranna notuðu REGLULEGA.

Stundum

Fjórir tákningaranna notuðu STUNDUM og þrír notuðu hægari hreyfingar en í grunnforminu.

Aftur og aftur

Þrír táknaþaranna notuðu AFTUR og þrír fjölguðu einnig hreyfingunum aðeins.

Oft

Fjórir táknaþaranna notuðu OFT og þrír notuðu hraðari og heldur fleiri hreyfingar.

Sjaldan

Þrír táknaþaranna notuðu SJALDAN.

7. SKRIFA

Lengi

Allir táknaþararnir fjölguðu hreyfingunum. Fjórir táknaþaranna notuðu TMM <opin>. Þrír táknaþaranna notuðu hægari hreyfingar og stærri og um leið meira sporöskjulaga, líkt og hreyfingin á teikningu 4 á bls. 9.

Stöðugt

Allir táknaþarar fjölguðu hreyfingunum. Þrír táknaþaranna gerðu hraðari hreyfingar og þrír notuðu TMM <stútur>.

Reglulega

Þrír táknaþaranna notuðu hraðari hreyfingar og þrír notuðu REGLULEGA.

Stundum

Allir notuðu STUNDUM.

Aftur og aftur

Þrír táknaþaranna notuðu litlar hraðar hreyfingar og þrír notuðu AFTUR.

Oft

Fjórir táknaþaranna notuðu fleiri og hraðari hreyfingar og þrír þeir yngstu OFT. Þrír notuðu samanherpt andlit.

Sjaldan

Þrír táknaþaranna notuðu SJALDAN

Viðauki 3

Hér eru sýnd, flokkuð eftir tíðarhorfum, öll þau tilfelli þar sem a.m.k. helmingur táknaða var sammála um hvernig þeir sýndu viðeigandi tíðarhorf.

1. Lengi

HORFA

Allir táknaðar héldu stöðugu V-próforminu lengur en í grunnforminu, flestir alveg kyrru. Helmingur táknaðanna var með TMM <stútur> og hinn helmingurinn <opinn>.

BANKA

Fjórir táknaðanna notuðu hraðari hreyfingar og allir nema táknaði 1 bönkuðu oftast en í grunnforminu. Þrír táknaðanna höfðu samanherpt andlit og hinir þrír TMM <opinn>.

HUGSA

Fjórir táknaðanna fjölguðu hreyfingunum og þrír táknaðanna notuðu stærri og hægari hreyfingar.

LESA

Þeir sem gerðu eina hreyfingu í grunnforminu halda því, en hægja á hreyfingunni, en hreyfingunum fjölgar hjá þeim sem gerðu fleiri en eina í grunnforminu. Þrír táknaðar voru með TMM <stútur> og hinir tveir TMM <opinn>.

GANGA

Þrír táknaðanna notuðu stærri, hægari og fleiri hringi. Þrír yngstu þátttakendurnir notuðu TMM <opinn> en táknaðar 2 og 3 <stútur>.

SKRIFA

Allir táknaðanna fjölguðu hreyfingunum. Fjórir táknaðanna hafa TMM <opinn> en sá fimmti <stútur>. Þrír táknaðanna notuðu hægari hreyfingar og stærri um leið og þær urðu meira sporöskjulaga, líkt og hreyfingin á teikningu 4 á bls. 9.

2. *Stöðugt*

HORFA

Fjórir táknaðaranna héldu próforminu stöðugu lengur en í grunnforminu. Undantekningar voru yngstu táknaðarnir.

BANKA

Allir táknaðaranna notuðu samanherpt andlit og fjölguðu hreyfingunum. Fimm táknaðaranna bönguðu hraðar en í grunnforminu og enn oftar en þegar bankað var *lengi*. Undantekning var táknaði 3 sem bankaði oft, en heldur hægar.

HUGSA

Fjórir táknaðaranna notuðu hraðari hreyfingu en í grunnforminu og þrjú þeirra notuðu fleiri hreyfingar.

LESA

Allir notuðu sporöskjulaga hringi eins og á teikningu 3 á bls. 9, fleiri en í grunnforminu, en mishraða. Þrjú táknaðar (allar konurnar) notuðu hraðari hreyfingar. Þrjú táknaðar notuðu TMM <stútur>.

GANGA

Fjórir táknaðaranna notuðu hraðari hreyfingar og þrjú þeirra minni hreyfingar en í grunnforminu. Þrjú táknaðar notuðu TMM <stútur>, en allir fjölguðu hreyfingunum.

HEIMSÆKJA

Þrjú táknaðaranna notuðu hraðari, fleiri og minni hreyfingar, sem breyttust úr sveigðri hreyfingu grunnformsins í beina hreyfingu fram og til baka, líkt og á teikningu 1 á bls. 9.

SKRIFA

Allir táknaðarnir fjölguðu hreyfingunum, en þrjú þeirra gerðu hraðari hreyfingar og þrjú notuðu TMM <stútur>.

3. *Reglulega*

HORFA

Fimm táknaðar fjölguðu hreyfingum. Fjórir táknaðaranna notuðu hraðar hliðarhreyfingar, líkt og á teikningu 1 á bls. 9. Undantekningar voru táknaðar 2 og 3.

BANKA

Fimm tákningar voru með samanherpt andlit.

HUGSA

Þrír tákningar notuðu hraðari hreyfingar.

LESA

Fjórir tákningar fjölguðu hreyfingunum, en þrír tákningaranna notuðu litlar sporöskjulaga hreyfingar.

GANGA

Fjórir tákningaranna notuðu minni og hraðari hreyfingar og fjórir þeirra notuðu FARA-AFTUR-OG-AFTUR.

HEIMSÆKJA

Þrír tákningaranna notuðu REGLULEGA.

SKRIFA

Þrír tákningaranna notuðu hraðari hreyfingar og þrír notuðu REGLULEGA.

4. Stundum

HORFA

Fimm tákningaranna notuðu hægari og stærri hreyfingar en í grunnforminu. Undantekning var tákning 1 sem notaði STUNDUM en það gerðu einnig tveir aðrir tákningar.

BANKA

Þrír tákningaranna settu hendur niður á milli þess sem grunnformið var sýnt. Fjórir tákningar notuðu TMM <stútur>.

HUGSA

Þrír tákningaranna notuðu minni hreyfingar en í grunnforminu.

LESA

Fjórir tákningaranna notuðu litlar hreyfingar.

GANGA

Þrír yngstu tákningararnir notuðu STUNDUM.

HEIMSÆKJA

Fjórir tákningaranna notuðu STUNDUM og þrír notuðu hægari hreyfingar en í grunnforminu.

SKRIFA

Allir notuðu STUNDUM.

5. *Aftur og aftur*

HORFA

Þrír elstu táknaarnir notuðu stórar hliðarhreyfingar, á meðan þeir þrír yngstu notuðu AFTUR.

BANKA

Þrír táknaaranna bönguðu hraðar en í grunnforminu og þrír notuðu samanherpt andlit.

LESA

Allir táknaarnir notuðu stærri hreyfingar og þrír þeir yngstu notuðu AFTUR.

GANGA

Þrír yngstu táknaarnir notuðu AFTUR.

HEIMSÆKJA

Þrír táknaaranna notuðu AFTUR og þrír notuðu heldur fleiri hreyfingar.

SKRIFA

Þrír táknaaranna notuðu litlar hraðar hreyfingar og þrír notuðu AFTUR.

6. *Oft*

HORFA

Fjórir táknaaranna notuðu hraðar hreyfingar fram og til baka líkt og á teikningu 1 á bls. 9, heldur fleiri en í grunnforminu. Undantekningar voru táknaarar 3 og 4. Þrír táknaarar notuðu OFT.

BANKA

Fjórir táknaaranna bönguðu hraðar en í grunnforminu og fimm fjölgðu hreyfingunum.

HUGSA

Þrír táknaaranna notuðu hraðari hreyfingar.

LESA

Allir táknaarar fjölgðu hreyfingunum, en fjórir táknaarar notuðu stuttar hraðar hreyfingar, fram og til baka líkt og á teikningu 1 á bls. 9.

GANGA

Allir tákningaranna notuðu hraðari hreyfingar og þrír þeirra notuðu FARA-AFTUR-OG-AFTUR.

HEIMSÆKJA

Fjórir tákningaranna notuðu OFT og þrír notuðu hraðari og heldur fleiri hreyfingar.

SKRIFA

Fjórir tákningaranna notuðu hraðari og fleiri hreyfingar en í grunnforminu og þrír þeir yngstu notuðu OFT. Þrír notuðu samanherpt andlit.

7. Sjaldan

HORFA

Fjórir tákningaranna notuðu SJALDAN.

BANKA

Þrír tákningaranna notuðu SJALDAN.

HUGSA

Fjórir tákningaranna notuðu litlar snöggar hreyfingar með hiki á milli.

LESA

Þrír tákningaranna notuðu SJALDAN.

GANGA

Þrír tákningaranna notuðu litlar hraðar hreyfingar með hiki á milli og þrír þeirra notuðu SJALDAN.

HEIMSÆKJA

Þrír tákningaranna notuð SJALDAN.

SKRIFA

Þrír tákningaranna notuðu SJALDAN.